

Íslensku jólasveinarnir

The Icelandic Yule Lads

Íslensku jólasveinarnir eru jólavættir af tröllakyni og voru upphaflega hafðir til að hræða börn dagana fyrir jól.

Foreldrar þeirra eru **Grýla** og **Leppalúði** og er **Jólakötturinn** húsdýrið þeirra.

Upprunalega voru þeir ekkert í líkingu við alþjóðlega jólasveininn eins og hann birtist í dag, hvítskeggjaður og klæddur rauðum fötum og gefandi börnum gjafir. En á 20. öldinni runnu þeir smám saman saman við hann með tímanum og í dag eru þeir ekki sömu tröllin og þeim er upphaflega lýst.

Í dag koma jólasveinarnir til byggða einn og einn í einu og kemur sá fyrsti 12. desember, eða nóttina fyrir. Þá byrja börn á Íslandi að setja skóinn út í glugga og jólasveinarnir færa þeim litla gjöf í skóinn.



Stekkjastaur (Sheep-Cote Clod) kemur fyrstur þann 12. desember. Hann er sagður sjúga mjólk úr sauðkindum en hann hefur staurfætur á báðum fótum svo að það gengur heldur illa.

Giljagaur (Gully Gawk) kemur 13. desember. Hann var talinn fela sig í fjósinu og fleyta froðuna ofan af mjólkurfötunum þegar enginn sá til.



Stúfur (Stubby) kemur 14. desember. Hann er minnsti jólasveinninn eins og nafnið bendir til. Hann nældi sér í pönnur og át agnirnar sem brunnið höfðu fastar.

Þvörusleikir (Spoon Licker) kemur 15. desember. Honum þótti mjög gott að sleikja þvörur (sleifar) og stalst inn í eldhús þegar hann fékk tækifæri.



Pottaskefill (Pot Scraper) kemur 16. desember en hann er oftast kallaður Pottasleikir. Hann skóf og sleikti afgangana innan úr pottunum.

Askasleikir (Bowl Licker) kemur 17. desember. Þegar askarnir voru settir fyrir hunda og ketti til að sleikja var Askasleikir snöggur að ná þeim á undan. Askur er tréskál með loki sem fólk borðaði úr í gamla daga.





Hurðaskellir (Door Slammer) kemur 18. desember. Hann var ólátabelgur og skelltí hurðum svo að fólk hrökk upp úr fastasvefni.



Skýrgámur (Skyr Gobbler) kemur 19. desember. Honum þótti skyr mjög gott og stalst oft í skyr tunnuna og hámaði í sig þar til hann stóð á blístri.



Bjúgnakrækir (Sausage Swiper) kemur 20. desember. Hann var fimur að klifra og sat oft uppi í rjáfri eldhúsa og hámaði í sig bjúgu.



Gluggagægir (Window Peeper) kemur 21. desember. Hann lagðist á glugga til að gægjast inn. Ef hann sá eitthvað sem hann langaði í þá reyndi hann að krækja sér í það.



Gáttaþefur (Doorway sniffer) kemur 22. desember. Hann hafði mjög stórt nef og fann ilminn af laufabrauði langt upp á heiðar og það lokkaði hann til bæja.



Ketkrókur (Meat Hook) kemur á Þorláksmessu, 23. desember. Hann reyndi þá að ná sér í hangikjötslæri í gegnum strompinn.



Kertasníkir (Candle Stealer) kemur 24. desember, á aðfangadag. Hann elti börnin til að reyna að ná af þeim tólgarkertunum sem honum þótti svo gott að borða.



Verkefni:

Hvað heita foreldrar jólasveinanna: _____

Hvað heitir húsdýrið þeirra: _____

Hver er minnsti jólasveinninn? _____

Hver er með staurfætur? _____

Hvað gerir Giljagaur? _____

Hvaða jólasveinn kemur á Þorláksmessu? _____

Hvað er askur? _____

Hverjum þykir skyr gott? _____

Hver er það sem reynir að stela hangikjötslæri? _____

Hvaða jólasveinn kemur á aðfangadag? _____

Hvaða jólasveinn kemur 15. desember? _____

Hver fann lyktina af laufabrauði upp á heiðar? _____

Hver er ólátabelgur? _____